

Nr. 087 / 15 Svala Sif SH 212***Bilun í stýrisbúnaði***

Skipaskr.nr. 7074
Smíðaður: Hafnarfirði 1988 plast
Stærð: 5,90 brl. 4,96 bt.
Mesta lengd: 7,98 m Skráð lengd: 7,88 m
Breidd: 2,58 m Dýpt: 1,53 m
Vél: Volvo Penta 119 kW 1998
Fjöldi skipverja: 1



Svala Sif©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. ágúst 2015 var Svala Sif SH 212 á strandveiðum á Breiðafirði. Veður: NA 11-16 m/s (*Gufuskálar*)

Á veiðunum brotnaði festing í stýristjakk og óskað var eftir aðstoð. Eftir bráðabirgðarviðgerð gat skipverjinn siglt bátnum til hafnar á Rífi í fylgd annars báts.

Við rannsókn kom fram:

- að festing við stýristjakk rifnaði;
- að sögn skipstjóra þótti festiplatan ekki nægilega efnismikil og eftir atvikið var sett þykkari plata en þessi frágangur var búinn að vera svona frá upphafi.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að festing við stýristjakk gaf sig.